

Erindisbréf nefnda

Skipulags- og bygginganefnd

Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir beint undir sveitarstjórn. Skipulags- og byggingarfulltrúi starfar með nefndinni.

Skipan nefndarinnar

Í skipulags- og bygginganefnd eiga sæti þrír fulltrúar, sem sveitastjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Kosningar fara fram samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, og samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnavatnshrepps. Á sama hátt eru kjörnir þrír fulltrúar til vara. Nefndin kýs sér formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum. Auk kjörinna nefndarmanna og skipulags- og byggingarfulltrúa á sveitarstjóri sveitarfélagsins, rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk

Hlutverk nefndarinnar er að:

- móta stefnu í skipulags- og byggingarmálum sveitarfélagsins.
- vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi er tengjast skipulags- og byggingarmálum í sveitarfélaginu
- fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar.
- hafa forgöngu um gerð skipulagstillagna og fjalla um þær tillögur sem nefndinni berast.
- tryggja að framkvæmd skipulags- og byggingarmála verði ávallt í samræmi við markmið gildandi aðalskipulagsáætlunar og deiliskipulagsskilmála á hverjum tíma.
- fjalla um umsóknir um leyfi til bygginga og annarra verklegra framkvæmda
- stuðla að kynningu til almennings og fyrirtækja um málefni sem eru á verksviði nefndarinnar.
- gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið og úrbætur í þessum málaflokkum.
- hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga.
- gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um útgjaldaliði byggingareftirlits og skipulagsgerðar
- vinna önnur þau verkefni er sveitarstjórn felur nefndinni og falla að starfssviði hennar.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnavatnshrepps og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Skipulags- og bygginganefnd kemur saman fyrir luktum dýrum á fastákveðnum fundartíma.

Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa.

Nefndin skal halda gerðabók fyrir fundargerðir. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Heimilt er að færa fundargerð nefndarinnar beint í tölvu, samanber samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnavatnshrepps. Starfsmaður hefur umsjón með ritvinnslu fundargerðar og sér um að fundarmönnum sé sent afrit af fundargerð nefndarinnar. Sveitarstjóri sér um að undirrituð fundargerð sé tekin á dagskrá næsta fundar sveitarstjórnar Húnavatnshrepps.

Nefndarformaður sér um boðun funda í samráði skipulags- og byggingarfulltrúa. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að nefndinni að ákveða að fundarboð verði send með rafrænum hætti.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Eftirfylgni

Skipulags- og byggingarnefnd og skipulags- og byggingarfulltrúi hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi byggingar, mannvirkjagerð, skipulag og skyld málefni. Formaður og aðrir fulltrúar í skipulags- og byggingarnefnd skulu snúa sér til sveitarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki eru alfarið á verksviði nefndarinnar að framfylgja.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði Sveitarstjórnarlaga (138/2011) og samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnavatnshrepps (513/2013).

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til nefndarformanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins, að leiðarljósi við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnavatnshrepps í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og atkvæðagreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi. Nefndarmanni er skylt að vekja athygli á því ef hæfi hans til meðferðar máls orkar tvímælis.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem gilda um starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnavatnshrepps eins og þau eru hverju sinni.

Með samþykkt erindisbréfs þessa er fellt úr gildi eldri erindisbréf skipulags- og bygginganefndar

Samþykkt í sveitarstjórn Húnavatnshrepps 2015